

## REGLUR

**um hækkunarprósentu lífeyris þegar sjóðfélagar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fresta töku lífeyris eftir að 65 ára aldri er náð, skv. 4. mgr. 15. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.**

1. gr.

Hækkunarprósenta lífeyris þegar sjóðfélagi frestar töku lífeyris eftir að 65 ára aldri er náð sem tilgreind er í 4. mgr. 15. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er hækkuð úr 0,5% í 0,75%.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli ákvæðis III. til bráðabirgða í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

3. gr.

Ákvörðunin tekur þegar gildi og tekur til allra lífeyrisgreiðslna skv. 1. gr. úr A-deild sjóðsins eftir 1. janúar 2002.

Samþykkt á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þann 30. apríl 2003.

*Reykjavík, 25. júní 2003.*

F.h. stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins,

**Eiríkur Jónsson**, formaður stjórnar.

---

*Haukur Hafsteinsson*  
*framkvæmdastjóri.*